

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 293/2023

2024/EES/42/47

frá 27. október 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1199 frá 21. júní 2023 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1ea (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1221/2009) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1199**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1199 frá 21. júní 2023 (Stjtið. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/1199, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.